

## REGLUGERÐ

### um búfjánhald í Patrekshreppi.

#### 1. gr.

Búfjánhald (nautgripa-, hrossa-, svína-, og sauðfjánhald, svo og alifuglarækt) er óheimilt í Patrekshreppi, nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar.

#### 2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi skv. 1. gr., skal senda umsókn um það til hreppsnefndar. Í umsókn skal gera grein fyrir fjölda búfjánhalds, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttáð og öðru, er máli kann að skipta.

#### 3. gr.

Nú telur hreppsnefnd, að skilyrði til búfjánhalds séu fyrir hendi, og skal þá veita leyfið; má veita það annað hvort til ákveðins tíma eða ákveða tiltekinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjánhalds, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.

#### 4. gr.

Ef maður heldur án heimildar búfé, sem samþykkt þessi tekur til, skal lögreglustjóri hlutast til um, að það sé tekið úr vörzlu hans, og er heimilt að selja það á uppboði eða láta slátra því.

Sama gildir, ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjánhalds, þannig að það veldur tjóni eða óþrifnaði.

#### 5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 5000.00. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Patrekshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjánhald í kaupstöðum og kauptúnum til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. október 1966.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*